

Kennsluáætlun í dönsku veturinn 2015-2016

Birt með fyrirvara um breytingar

Hópur:

6. bekkur

Kennari:

Helga Dögg Sverrisdóttir

Kennslustundir:

2 á viku.

Námsefni:

Start, lesbók og vinnubók. Ljósritað efni, hlustunarefni, söngvar, lagatextar, spil og leikir.

Danskar bíómyndir með og án verkefna.

Efnislega séð fylgjum við Start bókunum auk viðbótarefni frá kennara. Leikir, smásaga, lagatextar og hreyfsöngvar notaðir.

Kennsluaðferðir:

Innlögn, einstaklingsnám, samvinnunám, paravinna, hópvinna og fleira.

Hæfniviðmið:

Hæfniviðmiðum er skipt í sjö flokka og unnið með þau á öllum stigum námsins.

Flokkarnir eru: *Hlustun, lesskilningur, samskipti, frásögn, ritun, menningarlæsi, námshæfni*

Heimanám:

Einhver verkefni kalla á undirbúning heima eða úrvinnslu, því verður þó stillt í hóf. Sinni nemandi ekki vinnu í skólanum þarf hann að ljúka því heima.

Námsmat:

Smásögur 20%, kannanir úr kennsluefninu og próf 60%, munnlegt próf 10%, vinnubóka- og kennaraeinkunn 10%.

Kennsluárið

Kennsluárið

Ágúst- desember: Farið í fyrstu kaflana í bókinni Start og vinnubókina samhliða. Sýnd verður ein bíómynd og verkefni unnin úr henni. Auk þess verður unnið með viðbótarefni frá kennara, s.s. lagatexta, krossgátur, orðasúpur o.fl. Nemendur vinna ólík verkefni sem tengjast færniþáttunum, hlustun, ritun, talað mál og skilningur.

Janúar- júní: Haldið áfram í lesbók og vinnubók. Nemendur vinna ólík verkefni sem tengjast færniþáttunum, hlustun, ritun, talað mál og skilningur. Unnið með viðbótarverkefni frá kennara, s.s. lagatexta, krossgátur, bingó, orðasúpur o.fl.

Geti nemandi einhverra hluta vegna ekki unnið með nákvæmlega sama efni og samnemendur sínir mun kennari draga úr kröfum vegna þess náms sem fram fer í kennslustundum, heima, í könnunum og prófum. Er stjörnumerkt á Mentor.

